

Fjölskyldustefna Garðabæjar

Inngangur

Sveitarstjórnnum ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Fjölskyldustefna Garðabæjar var fyrst samþykkt á fundi bæjarstjórnar 20. desember 2001. Nú hefur farið fram endurskoðun á fjölskyldustefnunni.

Fjölskyldustefna Garðabæjar er stefna alls sveitarfélagsins og tekur til allra þeirra þátta er áhrif hafa á velferð og aðstæður fjölskyldna í Garðabæ.

Með fjölskyldustefnunni er leitast við að skapa sem heildstæðasta umgjörð utan um fjölskylduna og þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir henni.

Fjölskyldustefna Garðabæjar samanstendur af leiðarljósi og meginmarkmiðum ásamt stefnu Garðabæjar í:

- skólamálum
- forvarnarmálum
- íþrótt- og tómstundamálum
- málefnum útlendinga
- málefnum aldraðra
- jafnréttismálum
- menningarmálum
- umhverfismálum
- starfsmannamálum.

Leiðarljós

Garðabær leggur áherslu á að styðja og styrkja fjölskyldur í Garðabæ með því að búa þeim góð skilyrði og um leið að skapa einstaklingum bestu möguleg skilyrði svo að þeir geti vaxið, þroskast og notið hæfileika sinna, sjálfum sér og öðrum til góðs og samfélaginu til framfara.

Meginmarkmið fjölskyldustefnunnar eru:

- Að styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverki sínu og efla umræðu og fræðslu um hlutverk og ábyrgð fjölskyldunnar á uppleddi barna.

- Að skapa forsendur til þess að foreldrar geti til jafns borið ábyrgð á heimilishaldi og umönnun og uppeldi barna.
- Að stofnanir bæjarins starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum.
- Að hlúa að almennri þátttöku í íþróttá-, tómstunda- og félagsstarfi allra aldurshópa og styrkja það og efla eins og kostur er.
- Að styrkja börn og ungmenni til að velja heilbriggt líf án vímuefna.
- Að daggæsla í heimahúsum sé til staðar fyrir yngstu börnin til að foreldrar geti gengið að öruggri daggæslu eftir að fæðingarorlofi lýkur.
- Að vera í fararbroddi hvað varðar gæði starfs í skólum bæjarins með áherslu á að einstaklingurinn fái að njóta sín.
- Að samþætting og samfella verði eins góð og mögulegt er milli skóla, félagsstarfs og íþróttá- og tómstundamála.
- Að allir Garðbæingar, óháð þjóðerni og uppruna, njóti jafnréttis í samskiptum sínum við bæinn og stofnanir hans.
- Að eldri borgarar geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanajónusta þegar hennar er þörf.
- Að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla hvað varðar menntun, atvinnulíf, félagslíf og fjölskyldulíf.
- Að hafa öflugt menningarlíf þar sem íbúar á öllum aldri fái notið fjölbreytilegra list- og menningarviðburða.
- Að vera í fremstu röð um verndun umhverfis og náttúru þannig að Garðabær sé eftirsóttur til búsetu sem vistvænn bær með aðlaðandi umhverfi.
- Að skipulag taki mið af þörfum fjölskyldunnar á öllum æviskeiðum.
- Að hlúa að atvinnustarfsemi í bænum og stuðla að fjölbreytilegu atvinnulífi.
- Að leggja áherslu á að auðvelda starfsfólki bæjarins að samræma fjölskylduábyrgð og starf.
- Að álagningu opinberra gjalda sé stillt í hóf.

Samþykkt í bærarstjórn Garðabæjar
5. júní 2008